# ÍBÚÐ D

**Íbúð: 65 m² / Geymsla: 6 m²**

Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á rúmgóðar flísalagðar svalir með svalaskjóli. Í eldhúsinu er falleg L-laga eikarinnrétting með helluborði, gufugleypi, uppþvottavél og bakaraofni í borðhæð. Ísskápur fylgir ekki. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er eikarparket, nema á baðherbergi þar er öryggisdúkur með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði. Veggir á baðherbergi eru dúklagðir. Salerni er upphengt með stuðningshöldum og á vegg er handklæðaofn. Tengi er fyrir þvottavél og barkalausan þurrkara. Fataskápar eru við inngang og í svefnherbergi. Sólbekkir eru í gluggum. Rennihurðir úr eik eru inn á baðherbergi. Innfelld halogen lýsing í loftum nema á baði þar er ljóskúpull og ljósastæði undir efri skápum í eldhúsinnréttingu. Sameiginlegt þvottahús er á annarri hæð og sér geymsla í kjallara.

## BRÚNAVEGUR 9

| Hæð í húsi | Íbúð númer |
|---|---|
| 1. hæð | 106 |
| 2. hæð | 206 |
| 3. hæð | 306 |
| 4. hæð | 406 |




## BRÚNAVEGUR 9




**1. hæð**




**2. hæð**




**3. og 4. hæð**


Naustavör er dótturfélag Sjómannadagsráðs

NAUSTAVÖR
Öryggi | afþreying | þjónusta

sími: 585 9300 netfang: naustavor@naustavor.is
www.naustavor.is www.slettan.is